



NÁMSLÝSING

FAGNÁMSKEIÐ FYRIR STARFSMENN Í HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTU

Nafn námslýsingar:

Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu
Námskrá númer <18-409-1-210>.

Vinnustundir námsmanns:

210 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að 10 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Mímir símenntun.

1. útgáfa, 2018.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Notkun hugtaka í námslýsingum FA.....	4
Námslýsing	6
Umfang og innihald	7
Skipulag	7
Námsmat	8
Mat á framkvæmd náms	8
Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd	8
Almennar upplýsingar til leiðbeinenda/fræðsluaðila	8
Námsþættir	10
Almenn starfshæfni	11
Lýsing.....	11
Námsþættir samkvæmt námskrá.....	11
Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi	12
Aðhlygning aldraðra	19
Lýsing.....	19
Námsþættir samkvæmt námskrá.....	20
Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi	21
Námskeið 3 – Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum.....	27
Lýsing.....	27
Námsþættir samkvæmt námskrá.....	27
Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi	28
Námskeið 4 – Samskipti á hjúkrunarheimilum.....	33
Lýsing.....	33
Námsþættir samkvæmt námskrá.....	34
Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi	35
Viðauki.....	40

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Námskrá	Yfirlit yfir námsþætti og samsetningu þeirra til námsloka. Vistuð í gagnagrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vottuð eftir formlegu ferli.
Námslýsing	Dæmi um útfærslu námskrár. Samsetning námsþátta í námskeið. Hæfniviðmið hvers hluta og ábendingar til leiðbeinanda. Getur einnig innihaldið fleiri upplýsingar og matstæki. Gera má fleiri en eina námslýsingu byggða á sömu námskrá.
Námskeið	Námslýsingar samanstanda af námskeiðum. Lengd námskeiða er a.m.k. 40 klst. vinnuframlag námsmanns. Hægt er að skipta námskeiði í minni einingar en staðfest námslok fyrir námskeið fást ekki fyrr en því er að fullu lokið. Viðurkenndur fræðsluaðili heldur utan um stöðu hvers námsmanns um þátttöku hans í námskeiði.
Námsþáttur	Innihald/hæfniviðmið náms eins og því er lýst í námskrá í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Námsþættir eru valdir í hæfnigreiningum FA.
Lokaverkefni	Til að ljúka námi eins og því er lýst í námskrá getur þurft að vinna lokaverkefni.
Starfsreynsla	Staðfestur tími sem námsmaður hefur sinnt því starf sem námið undirbýr fyrir eða öðru starfi sem telst vera „undanfari“ starfsins.
Starfsþjálfun	Staðfestur tími námsmanns í því starfi sem námið undirbýr hann fyrir. Lögð er áhersla á að námsmenn fái tækifæri til að þjálfa frekar þá hæfni sem unnið hefur verið með í náminu. Starfsþjálfun fer fram eftir að nám er hafið.
Starfsþjálfari	Skipaður aðili á vinnustað sem styður við nám og þjálfun með markvissum hætti í samstarfi við fræðsluaðila.
Námsstaður	Kennsla á námskeiði getur farið fram: - hjá viðurkenndum fræðsluaðila í hefðbundnu námsumhverfi - í bland hjá viðurkenndum fræðsluaðila og í starfi á vinnustað (sem vinnustaðanámi). - alfarið í starfi á vinnustað (sem vinnustaðanámi) - í hefðbundnu námsumhverfi en hjá öðrum en þeim fræðsluaðila sem stýrir náminu.
Viðurkenndur fræðsluaðili	Aðili í framhaldsfræðslu sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Viðurkenndur fræðsluaðili sem stýrir náminu, heldur utan um námsferil námsmanns og gefur út staðfestingu á námslokum þegar þar að kemur.
Vinnustaðanámi	Staðfestur tími námsmanns í því starfi sem námskráin undirbýr fyrir. Lögð er áhersla á markvissa og skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit í samræmi við hæfnikröfur námskrár.
Námstími	Námstími er sá tími sem námsmaður ver í nám sitt, hjá fræðsluaðila, á vinnustað og í heimavinnu (vinnuframlag námsmanns).

Verkdagbók	Verkfæri til að meta námsframvindu. Í verkdagbókina safna námsmenn öllum gögnum úr náminu (m.a. námsdagbók, verkefnum og matsblöðum) en það gerir þeim kleift að halda utan um þá hæfni, þekkingu og leikni sem þeir öðlast meðan á náminu stendur. Jafnframt auðveldar það þeim og leiðbeinendum að meta hvort námið sé að skila tilætluðum árangri.
Námsdagbók	Tæki til að skipuleggja nám og störf og til að meta aðferðir og árangur náms jafnóðum. Námsmaður skrifar reglulega (daglega) eigin túlkun á því sem fram fer í náminu og þess á milli til íhugunar og upprifjunar.
Matsblöð	Fyrir hvert námskeið eru sett fram matsblöð fyrir viðeigandi námsþætti.

Námslýsing

Námslýsing þessi er byggð á námskránni Fagnámskeið í umönnun aldraðra sem er í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins (nr. 18-409-1-210). Námslýsingin er unnin af Mími-símenntun.

Í námskránni er 24 námsþáttum lýst. Þessi námslýsing er dæmi um útfærslu á öllum hlutum námskrárinnar. Námsþáttunum er skipt í 4 námskeið. Samsetningu námsþátta í námskeið er ætlað að stuðla að samþættingu og tengingu við verkefni starfsins.

Námslýsingin er hugsuð fyrir námsmenn, leiðbeinendur, vinnuveitendur og framhaldsfræðsluaðila sem vilja bjóða upp á nám fyrir þá sem sinna eða hafa hug á að sinna starfsþjálfun.

Námskráin lýsir námi á 1. og 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi fyrir starfsfólk sem sinnir umönnun skjúkra og aldraðara bæði í heimahúsum og á stofnunum. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við umönnun sjúkra og aldraðra. Það er sniðið að fullorðnum á vinnumarkaði sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki og markmið þess er að tryggja að starfsmaður sem sinnir umönnun sjúkra og aldraðra búi yfir þeirri hæfni sem þarf til að sinna skilgreindum verkefnum samkvæmt starfaprófilnum „Umönnun á hjúkrunarheimilum“ sem unninn var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir Eflingu.

Inntökuskilyrði

Námið er ætlað fullorðnu fólki sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki og sinna umönnun sjúkra og aldraðra bæði í heimahúsum og á stofnunum.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum þörfum aldraðra og sjúkra
- helstu sjúkdómum sem hrjáð geta aldraða og sjúka
- öldrunarferlinu
- verklýsingum um athafnir daglegs lífs (ADL)
- helstu lyfjum og umgengni í kringum þau
- smitvörnum og tilgangi þeirra
- mikilvægi faglegs og góðs umbúnaðar fyrir líðan aldraðra og sjúkra
- mikilvægi góðrar umgengni og meðferð matvæla eins og við á
- gæðaviðmiðum og stöðlum í tengslum við ræstingar eins og við á.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nota hjálpartæki við að aðstoða aldraða og sjúkra við athafnir daglegs lífs (ADL)
- gefa lyf sem búið er að hafa til og skammta
- skrá í skema eins og við á
- sinna almennum heimilisstörfum, þvottum og þrifum eins og við á
- þrifa og búa um rúm
- miðla upplýsingum til samstarfsfólks síns
- miðla upplýsingum til aðstandenda skjólstæðinga sinna.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- aðstoða aldraða og sjúka við athafnir daglegs lífs
- fylgjast með og aðstoða við næringu og vökvainntekt hjá öldruðum og sjúkum
- fylgjast með andlegum og líkamslegum þörfum skjólstæðinga sína og bregaðst við í samræmi við verklýsingu
- eiga í daglegum samskiptum við skjólstæðinga sína í samræmi við þarfir þeirra
- eiga í daglegum samskiptum við samstarfsfólk sitt
- eiga í daglegum samskiptum við aðstandendur skjólstæðinga sinna.

Umfang og innihald

Námið er alls 210 klukkustundir og skiptist þannig:

- Almenn starfshæfni
- Aðhlyning aldraðra og sjúkra
- Heimilisstörf bæði í heimahúsum og á stofnunum
- Samskipti bæði í heimahúsum og á stofnunum.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökréttu samfellu þeirra. Hann skipuleggur hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám á vinnustað hins vegar. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Æskilegt er að

leiðbeinendur hafi í huga alla námsþætti námskrárinnar til að tryggja samþættingu námsþátta og leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni. Miðað er við að vinnustaðþjálfun fari fram samhliða náminu til að styðja við yfirfærslu þess. Heimavinna fylgir náminu en getur verið mismikil eftir námsþáttum og einstaklingum.

Námsmat

Námsrángur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem hvatning, lærdómur og endurgjöf á námstímanum.

Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá metur námsmaður einnig námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Námsmaður skal leggja mat á:

- námið og markmið þess.
- skipulag námsins.
- hæfni leiðbeinenda.
- aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur námsmaður öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggja mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Dagskrá, húsakynni, umgengnisreglur, verkfæri, námsdagbók, námsefni og námsaðferðir.

Æskilegt er að leiðbeinendur kynni í upphafi viðfangsefnin og skipulag námsins. Þátttakendum er kynnt notkun verkdagbókar og einföld útgáfa af skráningu á verkferlum. Æskilegt er að farið sé yfir verklag og vinnubrögð, þau námsgögn sem stuðst verður við og hvernig námsmati verði háttað. Einnig að farið sé yfir verkefnaskil ef við á og að námsmenn fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast er til að þeir noti á meðan á námi stendur. Námsmenn eiga auk þess að fá kynningu á húsæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda. Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til námsmanna um viðveru þeirra á meðan á náminu stendur og að þeir fái aðgang að stundatöflu. Nauðsynlegt er að gera námsmönnum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og þeim kröfum sem þeir sjálfir geta gert til annarra.

Almennar upplýsingar til leiðbeinenda/fræðsluaðila

Í náminu er byggt á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, sem og samvinnu og samábyrgð allra viðkomandi. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum fullorðinna námsmanna. Námsrángur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda. Öll aðstaða og aðbúnaður þarf að hæfa fullorðnu fólki.

Leiðbeinendur gegna því hlutverki að hvetja og styðja við námsmenn og stuðla að auknu sjálfstrausti þeirra og sjálfstæði. Leiðbeinendum ber að hafa í huga að námsmenn eru fullorðnir og þeir eiga að fá tækifæri til að nýta sér eigin reynslu í námi. Reyna skal eftir fremsta megni að tengja reynslu og veruleika námsmanna við viðfangsefni kennslunnar hverju sinni. Leiðbeinandi skal leggja áherslu á styrkleika hvers og eins, vera hvetjandi í garð námsmanna og vinna traust þeirra. Leiðbeinandi þarf að

vera fær um að veita leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu sína að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja þær hindranir sem algengt er að fullorðnir námsmenn fástist við og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Lögð skal áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir námsmanna.

Námsþættir

Námskeið 1 Almenn starfshæfni	Námskeið 2 Aðhlygning aldraðra	Námskeið 3 Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum	Námskeið 4 Samskipti á hjúkrunarheimilum
Aðlögunarhæfni	Að vinna að lausnum (5)	Að vinna að lausnum (5)	Sjálfskraust (10)
Söfnun og úrvinnsla upplýsinga	Natni og nákvæmni (5)	Natni og nákvæmni (5)	Árangursrík samskipti (10)
Árangursrík samskipti	Frumkvæði (5)	Frumkvæði (5)	Fjölmenningsfærni (10)
Vinnusiðferði og gildi	Viðskiptavinurinn í brennidepli (8)		Viðskiptavinurinn í brennidepli (2)
Skipulag og áætlanir	Sjálfstjórn (4)	Sjálfstjórn (4)	Sjálfstjórn (2)
Ábyrg nýting	Skilningur á starfseminni (5)	Skilningur á starfseminni (5)	Jafnréttisvitund (10)
Mat og lausnir	Starfsþróun og færniefling (5)	Starfsþróun og færniefling (5)	Velliðan (10)
Öryggisvitund	Gæðavitund (5)	Gæðavitund (5)	
Starfsþróun og færniefling	Að vinna undir álagi (5)	Að vinna undir álagi (5)	
Samvinna	Tímastjórnun og forgangsröðun (5)	Tímastjórnun og forgangsröðun (5)	
Jafnréttisvitund	Þrautsegja/Segla (8)		Þrautsegja/Segla (2)
	Stjórnun upplýsinga (5)		Stjórnun upplýsinga (5)
40 klst	65 klst .	44 klst.	61 klst.

Almenn starfshæfni

Prep	1
Vinnustundir	40 (20 klst. með leiðbeinanda + 20 klst. í vinnu án leiðbeinanda).
Undanfari	Enginn

Lýsing

Tilgangur námskeiðsins er að efla þá almennu starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði. Hér er átt við þá persónulegu hæfni sem einstaklingur þarf að búa yfir til þess að vera virkur í samfélaginu, sinna starfi sínu á árangursríkan hátt undir leiðsögn og þróast í starfi.

Almenna starfshæfnin er mikilvæg bæði á vinnustað og í samfélaginu en á hana reynir á mismunandi hátt eftir aðstæðum og störfum. Almenn starfshæfni samanstendur annars vegar af hæfni til samstarfs (samskipti, samvinna og jafnréttisvitund/umburðarlyndi) og hins vegar af hæfni til að sýna vönduð vinnubrögð (aðlögun, nýtni, skipulagning, dómgreind, vinnusiðferði, öryggisvitund, úrvinnsla upplýsinga og ábyrgð á eigin færnieflingu).

Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við þau viðfangsefni og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu með það að markmiði að heildarmarkmið námsins náist.

Námsþættir samkvæmt námskrá

- Aðlögunarhæfni
- Ábyrg nýting
- Árangursrík samskipti
- Jafnréttisvitund
- Mat og lausnir
- Samvinna
- Skipulag og áætlanir
- Starfsþróun og færniefling
- Söfnun og úrvinnsla upplýsinga
- Vinnusiðferði og gildi
- Öryggisvitund

Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi

Aðlögunarhæfni	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1.b - Viðurkennir nauðsyn aðlögunar	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Er tilbúin/n að breyta um vinnulag ef á þarf að halda • Skilur og viðurkennir gildi annarra sjónarmiða og hugmynda um hvernig á að gera hlutina • Sýnir jákvætt viðhorf þegar tekist er á við breytingar 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>tek ábendingum um bætt vinnulag.</i> • <i>geri mér grein fyrir að það geta verið margar lausnir á sama viðfangsefni.</i> • <i>er tilbúin/n að vinna með nýjar lausnir.</i> • <i>skiptist á vöktum við samstarfsfólk þannig að við getum tekið frídag þegar á þarf að halda.</i> 				
Ábyrg nýting	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1.b – Notar verðmæti á hagkvæman hátt	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Fer með verðmæti af vandvirkni og notar þau á hagkvæman hátt. • Forgangsraðar og skipuleggur tímann til að ljúka verkefnum. • Leitar leiða til að bæta árangur sinn og afköst. • Skilur mikilvægi <u>huglægra</u> verðmæta í vinnuumhverfinu (t.d. tími, mannauður og þekking) og af hverju þau þarf að nota á ábyrgan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>ber virðingu fyrir verðmætum og nota þau á hagkvæman hátt</i> • <i>geng vel um, hendi ekki heilum hlutum, endurnýti það sem hægt er.</i> • <i>byrja á verkefnum sem skipta mestu máli, vinn eftir verklýsingu.</i> • <i>geri mér grein fyrir að hvernig ég umgengst verðmæti hefur áhrif á störf annarra.</i> • <i>veiti góða þjónustu.</i> • <i>huga vel að tímastjórnun.</i> 				

Mat og lausnir	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1.b - Vinnur úr fjölbreyttum upplýsingum	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> Vegur og metur margvíslega þætti sem hafa áhrif á viðfangsefni og lausnir þeirra. Dregur fram ólíkar hliðar máls. Ber saman lausnir/útskýringar sem byggja á mismunandi forsendum. Leggur fram mismunandi hugmyndir að lausnum sem byggja á mismunandi sjónarmiðum og/eða forsendum. Veltir fyrir sér gildandi aðferðum/verklagi og spyr uppbyggilegra spurninga. Stingur upp á tillögum til úrbóta á gildandi aðferðum. Leitar eftir mismunandi skoðunum/ viðhorfum og metur þau út frá staðreyndum. 	<ul style="list-style-type: none"> <i>met verkefni og vel lausnir út frá fyrirfram gefnum upplýsingum.</i> <i>skoða málin frá ólíkum hliðum innan míns verksviðs.</i> <i>met árangur eigin vinnu út frá markmiðum og verklýsingum.</i> <i>nálgast viðfangsefni á gagnrýninn hátt: Við gerum þetta svona, er það góð aðferð, væri hægt að gera þetta öðruvísi?</i> 				
Starfsþróun og færniefling	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1.b – Nýtir námstækifæri í umhverfinu	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> Metur hvernig má bæta eigin færni. Nýtir námstækifæri í umhverfinu (t.d. námskeið, endurgjöf frá yfirmanni eða samstarfsmönnum) til að öðlast þá færni sem starfið krefst. 	<ul style="list-style-type: none"> <i>skoða hvernig ég get bætt mig, t.d. með þjálfun eða námskeiði.</i> <i>fer á námskeið, fylgi ábendingum og leiðbeiningum frá samstarfsfólki bæði í heimahúsum og á stofnunum.</i> 				

<ul style="list-style-type: none"> • Fer yfir eigin verk og skilgreinir það sem gekk vel, hvað mátt betur fara og hvernig megi bæta eigin frammistöðu. • Setur sér markmið um símenntun með aðstoð annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>skoða og endurmet eigin vinnu, skoða hvernig get ég staðið mig betur, hvernig verkin eru unnin, get ég gert betur?</i> • <i>fæ aðstoð, t.d. yfirmanns eða starfsfélaga, til að setja mér námsmarkmið.</i> 				
Söfnun og úrvinnsla upplýsinga	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Þrep 1.b - Fylgir gildandi ferlum við öflun upplýsinga	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir áhrif tiltekinna atriða á viðfangsefni. • Finnur nauðsynlegar upplýsingar til þess að ljúka verkefni eða byggja ákvörðun á. • Fer eftir settum reglum við að meta áreiðanleika og mikilvægi upplýsinga. • Finnur og tekur mið af viðeigandi gögnum við lausn viðfangsefna. • Leitar sér upplýsinga hjá nærstöddum. • Les stuttan texta til þess að finna ákveðnar upplýsingar. • Fer eftir skráðum vinnuferlum við upplýsingaöflun. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>leita upplýsinga á réttum stað og nýti þær til að leysa verkefni á mínu starfssviði.</i> • <i>fer eftir vinnuferlum á vinnustað til að skipuleggja eigin vinnulag.</i> • <i>leita ráða eða álits hjá samstarfsfólki eftir þörfum.</i> 				
Vinnusiðferði og gildi	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Þrep 1.b – Sýnir í verki skilning á siðareglum og gildum vinnustaðarins	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4

<p>Sýnir í verki skilning á siðareglum og gildum vinnustaðarins</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kynnir sér siðareglur og gildi vinnustaðar. • Sýnir fram á skilning á siðareglum og gildum vinnustaðarins (t.d. fjallar um aðra af sanngirni og virðingu). • Sýnir í orði og verki breytni sem samræmist gildum vinnustaðar jafnvel þó einhverjir sýni því ekki stuðning. • Forðast hagsmunaárekstra. • Bendir á misræmi í starfsreglum ef það er til staðar. • Metur hvort eigin hegðun samræmist siðareglum vinnustaðar (t.d. hvort framkoma er heiðarleg eða viðeigandi). • Aðlagar framkomu sína að ólíkum einstaklingum og hópum við ólíkar aðstæður. 	<ul style="list-style-type: none"> • þekki siðareglur og gildi á vinnustað og hef það að markmiði að hegða mér samkvæmt þeim. • er heiðarleg(ur) og áreiðanleg(ur). • fylgist með og met eigin hegðun. • minni á gildi vinnustaðar þegar upp kemur staða þar sem verið er að fara fram hjá þeim. • legg mig fram við að vinna í sátt við aðra. • legg mig fram við að koma til móts við aðra og sýni fólki virðingu. 				
<p>Jafnréttisvitund</p>	<p><i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i></p>	<p>1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.</p>			
<p>Þrep 1.b – Gerir sér grein fyrir fjölbreytni mannlífs og eigin fordómum</p>	<p><i>Ég ...</i></p>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Er meðvitaður um eigin viðhorf, skoðanir og gildi gagnvart fólki með mismunandi bakrunn. • Skilur gildi vinnustaðar varðandi jafnrétti og fjömenningu. • Er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif staðalmynda á eigin skoðanir. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>endurmet eigin skoðanir/fordóma og legg mig fram við að eiga jákvæð samskipti við starfsfélaga, skjólstæðinga og aðstandendur þeirra.</i> • <i>sýni fólki virðingu og forðast særandi athugasemdir.</i> • <i>sé það jákvæða í fólki, þótt það sé ólíkt á margan hátt.</i> 				

<p>Skilur hvernig aldur, kyn, búseta, fötlun, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni getur skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Er meðvitaður um gildi jákvæðrar breytni í samskiptum við annað fólk, óháð bakgrunni þess og er gagnrýninn á eigin skoðanir. 					
<p>Öryggisvitund</p>	<p><i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i></p>	<p>1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.</p>			
<p>Prep 1.b - Fer eftir reglum um öryggi og hollustu</p>	<p><i>Ég ...</i></p>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Skilur og fylgir eftir reglum um hollustu og öryggi á vinnustað. • Viðheldur eigin þekkingu á öryggismálum. • Leitast við að leiðrétta augljósar hættulegar /varhugaverðar aðstæður á vinnustað. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>fylgi settum öryggisreglum og þekki þær vel á mínu starfssviði.</i> • <i>lagfæri þá hluti sem hafa farið úrskeiðis og geta valdið hættu.</i> • <i>Skil og fylgi reglum um hollustu og öryggi bæði í heimahúsum og á stofnunum.</i> 				
<p>Árangursrík samskipti</p>	<p><i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i></p>	<p>1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.</p>			
<p>Prep 1.b – Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt</p>	<p><i>Ég ...</i></p>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Hlustar á fordómalausán hátt. • Setur upplýsingar og staðreyndir fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi. • Leitir upplýsinga eftir þörfum. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>gef mér tíma til að hlusta á aðra og setja mig í spor þeirra ef þörf er.</i> • <i>get vel útskýrt fyrir öðrum vinnufélögum og/eða stjórnendum atvik sem tengjast vinnu.</i> 				

<ul style="list-style-type: none"> • Deilir upplýsingum fúslega þegar þær geta komið að notum. • Tjáir sig heiðarega, með virðingu og nærgætni. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>missi sjaldan út úr mér orð eða setningar sem ég hef séð eftir og tengjast vinnu eða vinnufélögum.</i> • <i>það er stundum leitað til mín þegar þarf að fá upplýsingar sem tengjast vinnu og ég leita til annarra eftir nauðsynlegum upplýsingum.</i> 				
<p>Samvinna</p>	<p><i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i></p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. 			
<p>Þrep 1.b - Vinnur sem hluti af heild</p>	<p><i>Ég ...</i></p>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Deilir öllum gagnlegum upplýsingum og þekkingu með öðrum. • Kemur fram við aðra á heiðarlegan og sanngjarnan hátt, sýnir tillitssemi og ber virðingu fyrir séreinkennum annarra. • Aðstoðar samstarfsmenn. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>legg mitt af mörkum í hópavinnu og veiti gagnlegar upplýsingar um framvindu verks.</i> • <i>legg mitt af mörkum til að ljúka verki með ásættanlegum árangri.</i> • <i>hjálpa til ef ég sé að þörf er á aðstoð.</i> 				
<p>Skipulag og áætlanir</p>	<p><i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i></p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni. 			
<p>Þrep 1.b - Skipuleggur eigin verk</p>	<p><i>Ég ...</i></p>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Vinnur sjálfstætt eftir skilgreindu skipulagi vinnustaðar. • Skipuleggur eigin verkþætti til að ná settum viðmiðum/markmiðum. • Leitar eftir skýrri forgangsröðun, eins og þörf er á. • Fylgist með gæðum og tímasetningu eigin verka. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>skipulegg og forgangsráða eigin verkum samkvæmt starfslýsingu.</i> • <i>skipulegg mín daglegu störf sjálf/ur og þarf í fæstum tilvikum leiðbeiningu til þess.</i> • <i>held mínu svæði hreinu og snyrtilegu.</i> • <i>nýti verðmæti bæði í heimahúsum og á stofnunum á ábyrgan hátt.</i> 				

<ul style="list-style-type: none"> Nýtir verðmæti í umhverfinu á ábyrgan hátt. 					
Mat og lausnir	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Þrep 1.b - Vinnur úr fjölbreyttum upplýsingum	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> Vegur og metur margvíslega þætti sem hafa áhrif á viðfangsefni og lausnir þeirra. Dregur fram ólíkar hliðar máls. Ber saman lausnir/útskýringar sem byggja á mismunandi forsendum. Leggur fram mismunandi hugmyndir að lausnum sem byggja á mismunandi sjónarmiðum og/eða forsendum. Veltir fyrir sér gildandi aðferðum/verklagi og spyr uppbyggilegra spurninga. Stingur upp á tillögum til úrbóta á gildandi aðferðum. Leitar eftir mismunandi skoðunum/ viðhorfum og metur þau út frá staðreyndum. 	<ul style="list-style-type: none"> <i>met verkefni og vel lausnir út frá fyrirfram gefnum upplýsingum.</i> <i>skoða málin frá ólíkum hliðum innan míns verksviðs.</i> <i>met árangur eigin vinnu út frá markmiðum og verklýsingum.</i> <i>nálgast viðfangsefni á gagnrýninn hátt, t.d: Við gerum þetta svona, er það góð aðferð, væri hægt að gera þetta öðruvísi?</i> 				

Aðhlygning aldraðra

Prep	1b - 2
Vinnustundir	65 klst. með leiðbeinanda
Undanfari	Enginn

Lýsing

Í þessu námskeiði er lögð áhersla á eftirfarandi hæfniviðmið námsins:

Námsmaður skal hafa **þekkingu og skilning á:**

- ólíkum þörfum aldraðra og sjúkra
- helstu sjúkdómum sem hrjáð geta aldraða og sjúka
- öldrunarferlinu.
- verklýsingum um athafnir daglegs lífs (ADL)
- helstu lyfjum og umgengni í kringum þau
- á smitvörnum og tilgangi þeirra
- mikivægi faglegs og góðs umbúnaðar fyrir líðan aldraðra og sjúkra.

Námsmaður skal hafa **leikni í að:**

- nota hjálpartæki við að aðstoða aldraða og sjúka við athafnir daglegs lífs (ADL)
- gefa lyf sem búið er að hafa til og skammta
- skrá í skema eins og við á.

Námsmaður skal geta **hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- aðstoða aldraða og sjúka við athafnir daglegs lífs
- fylgjast með og aðstoða við næringu og vökvainntekt hjá öldruðum og sjúkum
- fylgjast með andlegum og líkamlegum þörfum skjólstæðinga sinna og bregðast við í samræmi við verklýsingu.

Tilgangur námskeiðsins er að efla leikni almennra starfsmanna á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum í að fylgjast með, annast, aðstoða og umgangast aldraða og sjúka við athafnir daglegs lífs (ADL). Umönnun skal vera í samræmi við verklagsreglur til að hámarka lífsgæði og viðhalda sjálfstæði og velliðan skjólstæðinga. Áhersla er lögð á að auka þekkingu og skilning á ólíkum þörfum aldraðra og sjúkra og mikilvægi þess að taka tillit til einstaklingsþarfa við umönnun.

Námsmaður kynnist viðfangsefnum faraldsfræðinnar, eðli og orsökum helsta sjúkdóma sem hrjáð geta skjólstæðinga, einkennum og afleiðingum líkamlegra, geðrænna og sálrænna sjúkdóma, aðhlygningu og aðstoð eftir veikindi eða slys. Farið er í æskilega líkamsbeitingu og notkun hjálpartækja við umönnun. Einnig er fjallað um hreinlæti, örverur, smit og viðeigandi varnir. Námsmenn kynnast bæði viðmiðum, stöðlum og verklagsreglur sem notaðar eru við umönnun aldraðra og sjúkra sem og hvernig skráningu upplýsinga er best háttað. Áhersla er lögð á hvernig æskilegt er að skipuleggja og forgangsraða verkefnum með þarfir skjólstæðinga í huga.

Námsþættir samkvæmt námskrá

- Að vinna að lausnum (þrep 1b) – 5 klst.
- Natni og nákvæmni (þrep 1b) – 5 klst.
- Frumkvæði (þrep 1b) – 5 klst.
- Sjálfstjórn (þrep 1b) – 4 klst.
- Starfsþróun og færniefning (þrep 2) – 5 klst.
- Gæðavitund (þrep 1b) – 5 klst.
- Vinna undir álagi (þrep 2) – 5 klst.
- Tímastjórnun og forgangsröðun (þrep 1b) – 5 klst.
- Skilningur á starfseminni (þrep 1b) – 5 klst.
- Viðskiptavinurinn í brennidepli (þrep 2) – 8 klst.
- Stjórnun upplýsinga (þrep 1b) – 5 klst.
- Þrautsegja (þrep 2) – 8 klst.

Hæfniviðmið námskeiðs – mat á námi

Að vinna að lausnum	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Þrep 1.b – Leysir einföld vandamál	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Getur greint vandamál/frávik sem orsakast af fáum augljósum grundvallaratriðum. • Notar skýr viðmið/ferla við val á fyrirliggjandi lausnum. • Gætir þess að verkefnið hafi verið leyst af hendi. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>get greint vandamál sem upp koma við umönnun aldraðra og sjúkra og unnið að lausnum á þeim.</i> • <i>met verkefni og vel lausnir út frá verklagslýsingum.</i> • <i>leita ráða ef eitthvað er óljóst og fylgi málum eftir þar til lausn er í höfn.</i> 				
Að vinna undirálagi	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Þrep 2 – Ræður við hóflega streitu/álag	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Heldur ró sinni og skilvirkni þrátt fyrir streituvaldandi aðstæður. • Gerir sér grein fyrir persónulegum streituvöldum og tekur skref til að takmarka áhrif þeirra. • Setur málefni og aðstæður í samhengi og bregst við á viðeigandi hátt (t.d. gerir ekki of mikið úr aðstæðum eða því sem aðrir segja). 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>næ almennt að vinna vel og skila mínu samkvæmt því sem ætlast er til.</i> • <i>veit hvers konar álag eykur hjá mér streitu en legg mig fram við að bregðast rétt við því til að lágmarka áhrif hennar.</i> • <i>legg mig fram við að sjá heildarmynd hverju sinni og bregðast við samkvæmt verkreglum og ræð þar með betur við streitu sem skapast.</i> 				

Prautsegja/seigla	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 2 - Vinnur af skilvirkni í aðstæðum þar sem krefjandi verkefni koma fram án fyrirvara	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Er virkur og heldur yfirsýn þrátt fyrir tímabundnar truflanir (t.d. þekkir eigin takmörk gagnvart vinnuálagi og gerir viðeigandi breytingar). • Hefur raunhæfa trú á eigin getu, skoðunum eða ákvörðunum en tekur einnig tillit til annarra sjónarmiða þegar á þarf að halda. • Sýnir skilning á því hvernig eigin framkoma eða viðbrögð hafa áhrif á aðra (t.d. á aukna streitu hjá öðrum) og hagar sér í samræmi við það. • Tekur skref í átt að uppbyggilegum viðbrögðum við áföllum/erfiðleikum. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>þekki áhrif vinnuálags og truflana á vinnu við aðhlyningu en held yfirsýn og virkni og geri viðeigandi breytingar ef hægt er.</i> • <i>treysti færni minni í starfi og leita eftir aðstoð annarra þegar ég þarf stuðning við verkefni.</i> • <i>forðast framkomu sem veldur öðrum streitu við störf eða hefur slæm áhrif á vinnuna.</i> • <i>get átt þátt í uppbyggilegum viðbrögðum þegar erfiðleikar eða áföll koma upp.</i> 				
Starfsþróun og færniefling	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 2 – Leitar uppi námstækifæri	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Skilgreinir eigin þörf fyrir símenntun í samstarfi við yfirmann. • Fylgir eftir málefnum til að viðhalda þekkingu og færni. • Leitar eftir þjálfun á sviðum þar sem tækni þróast hratt. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>leita eftir og nýti tækifæri til að æfa nýja kunnáttu.</i> • <i>tjái mig um þörf fyrir símenntun.</i> • <i>leita uppi námsefni og námskeið til að efla þekkingu mína.</i> • <i>finn námskeið og/eða námsefni varðandi tækniþróun.</i> • <i>læri á ný forrit, tæki, kenningar, aðferðir til að bæta færni mína.</i> 				

<ul style="list-style-type: none"> • Tileinkar sér og beitir stöðugt nýrri þekkingu og færni til að bæta eigin frammistöðu. • Setur sér námsmarkmið. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>set mér langtíma- og skammtímamarkmið varðandi nám og þjálfun í starfi.</i> 				
Stjórnun upplýsinga	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1b – Sýnir byrjenda skilning og færni. Beitir færninni, undir leiðsögn, við nokkrar einfaldar aðstæður. Getur vísað fólki á viðeigandi heimildir þar sem er að finna frekari upplýsingar.	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Sýnir skilning á helstu tegundum og uppsprettum upplýsinga sem þörf er á í eigin starfi. • Með leiðsögn, bendir á nákvæmstu og áreiðanlegustu uppsprettur upplýsinga. • Með leiðsögn, notar upplýsingatækni /upplýsingakerfi til að nálgast og geyma grundvallar upplýsingar. • Með leiðsögn, skráir upplýsingar og tryggir viðeigandi öryggi og viðhald á upplýsingum sem varða eigið starf. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>sýni byrjendum skilning, bregst vel við fyrirspurnum og leiðbeini eftir getu.</i> • <i>nota viðeigandi verkferla til að safna, sækja, viðhalda og miðla upplýsingum til þeirra sem við á hverju sinni.</i> • <i>get vísað fólki á viðeigandi heimildir þar sem er að finna frekari upplýsingar.</i> 				
Skilningur á starfseminni	<i>Nákvæmari lýsing á færniþætti</i>	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Prep 1.b – Skilur og notar formlega/skráða verkferla	<i>Ég ...</i>	1	2	3	4
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir og notar formlegt skipulag vinnustaðarins, reglur, ferla og verklag til að ná árangri. 	<ul style="list-style-type: none"> • <i>þekki og skil verkferla á hjúkrunarheimili og heimahúsum og nota þá eftir bestu getu.</i> 				

